

Fundur 20.5.2024 Helga fagra Þorsteinsdóttir, (Egilssonar, Skallagrímssonar.)

Komið þið sælir Íslendingar, samlandar mínir.

*Já komdu blessuð og sæl.*

Var ég fornkona og höfum við frá ýmsu að segja, hef ég margsinnis komið fram á fundum ykkar, í lok funda og

*Ekki ert þú Hallgerður ?*

Nei, ég bý á hnetti þar sem saman eru margir hnettir byggilegir í sama sólhverfi og nýta þeir lífbelti hnattarins vel og hefur okkur tekist að gera tvo hnetti byggilega í kringum okkar megin hnött og er það hin merkilegasta saga.

Er það í sömu vetrarbraut og þið byggið og er það hið mikilvægasta mál að ná betri tókum á veðurfarinu og koma því, samstilling mannkynjanna er mikilvæg og kærleikurinn manna á milli.

Sumir hópar kristinna manna og gyðinga eru friðsamlegir og taka þátt í hnattasambandinu þar sem undirritaðar voru reglur þess efnis að heimsóknir væru aðeins leyfilegar þegar mankynin væru tilbúin og stöðva helstefnu Drottins þess sem heitir Jahve.

Einnig nán persónuleg samskipti ykkar og framliðinna og veldur annari óáran og komum við talsvert við sögu núna nýlega þegar þurfti að stöðva þá innrás sýklavopna sem þið kallið Covid 19 og vonum að við og aðrir geti einnig stöðvað frekari árásir á mankyn ykkar af drepsóttar sýklum og öðrum óskapnaði.

Og skynjið þið það sumuleiðis þannig að þegar líforka ykkar magnast að þá er náttúran meira til friðs, en má þó búast við ýmsu í þeim efnum og misjafnlega góðu.

Ég, mín er kannski getið í Íslendingasögum, en ekki get ég staldrað við lengur og sendi ég ykkur orku í lok fundar, fornkona úr Íslendingasögum kölluð Helga hin fagra.

Verið þið sæl og blessuð og þakka ég fyrir mig.

*Þakka þér fyrir komuna, vertu blessuð Helga fagra.*